

Nd.

855. Þingsályktun

um uppeldismál.

(Samþykkt í Nd. 7. september).

Neðri deild Alþingis skorar á stjórnina að rannsaka uppeldismálakerfi og athuga þetta:

1. Hvort eigi mundi rjettara að láta skólaskyldu koma á menn 16—20 ára, en láta þá foreldra og hjeruð sjá fyrir því, að börn hafi tilskilda þekking undir staðfestinguna, en landið kosti ekki annað við þá kenslu en eftirlit með prófum.
2. Hvern veg þá skyldi haga skólum handa mönnum á skólaskyldu aldri, og einkum hvernig kensla í öllum þjóðlegum íslenskum fræðum megi njóta sín sem best, og söngur og íþróttir og annað það, sem feugar lífið og gleður mennina.
3. Hvern veg breyta þyrfti kennaraskólanum til þess, að kennarar verði vel hæfir til kenslu þeirrar, er þá yrði að ætla þeim.
4. Hver kjör þá yrði að bjóða þeim, svo að viðunanlegt væri.
5. Hvort eigi mætti gera hvorttveggja að spara fje og bæta gagnfræðaskóla með því að fækka þeim, og steypa saman bókfræðikenslu karla og kvenna í öllum almennum námsgreinum, og styrkja síðan eigi aðra kvennaskóla en þá, er kenna það, er konur einar læra.
6. Loks að rannsaka, hvort eigi muni tiltækilegt að flytja hinn almenna mentaskóla og kennaraskólann til hinna fornu skólasetra, Bessastaða eða Skálholts, eða á einhverja opinbera eign í nærsýslunum við Reykjavík.

Enn fremur skorar deildin á stjórnina að rannsaka, hversu bætt verði úr verstu göllunum á því fyrirkomulagi sem er, þar til lokið er rannsókn þeirri, sem greinir hjer að ofan, eða önnur skipun verður á ger, einkum hvern veg megi komast hjá að láta kennara sæta miskunnarlausri meðferð.